

LÖG

um breytingu á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Skal lægri fjárhæð en fimmtíu aukum sleppt, en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu. Seðlabankinn ákveður alla nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.